7. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2026 - 2027
12. október 2026 kl. 17:00
Reiðhöllin Víðidal

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Árni Reynir Alfreðsson (ÁRA), Eva Kærnested (EK), Arnar Máni Sigurjónsson (AMS) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Brynja Kristín Magnúsdóttir (BKM)

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Ein athugasemd var gerð við fundargerð síðasta stjórnarfundar. Verður hún lögð aftur fyrir á næsta fundi..

2. Reykjavíkurmeistaramót Fáks og mótahald 2027

Fákur fékk hugmyndir frá LH varðandi dagsetningar Íslandsmóts ungmenna og fullorðinna næsta sumar sem skarast á við Reykjavíkurmeistaramót. EG og HS munu upplýsa stjórn þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

3. Bréf til Reykjavíkurborgar vegna lóðarleigusamninga

HS kynnir drög að bréfi sem stílað er á borgarstjóra. Í því bréfi er óskað eftir að hefja viðræður við Reykavíkurborg um framtíð Víðidalssvæðisins. Huga þarf að því hvenær er rétt að senda bréfið út svo það lendi ekki neðst í verkefnalista borgarmeirihlutans. HS skoðar það á næstunni.

Bréfið var samþykkt samhljóða.

4. Samningur við yfirþjálfara

Vigdís Matthíasdóttir hefur verið ráðinn yfirþjálfari. Stjórn býður hana velkomna til starfa.

5. Langavatnsvegur 3

Skipulagstillaga um Langavatnsveg 3 var lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð þann 7. október sl. Var tillögunni vísað til borgarráðs til umfjöllunar. Eftirfarandi bókuðu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins í fundargerð ráðsins um tillöguna:

“Meirihlutinn fagnar því að lóðarhafar Langavatnsvegar 3 hyggist ráðast í uppbyggingu á svæðinu og skapa þar nýja aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og útivist. Uppbygging af þessu tagi getur aukið fjölbreytni í útivistar- og ferðaþjónustu í Reykjavík og skapað aukin tækifæri til að nýta þetta fallega útivistarsvæði. Jafnframt leggur meirihlutinn áherslu á að leyst verði með fullnægjandi hætti úr færslu þeirrar mikilvægu reiðleiðar sem nú liggur um lóðina, þannig að samfella og öryggi reiðleiðakerfisins verði tryggt. Reiðleiðin er hluti af samfelldu reiðleiðakerfi höfuðborgarsvæðisins og gegnir mikilvægu hlutverki fyrir hestamennsku og útivist á svæðinu. Meirihlutinn telur því mikilvægt að áfram verði unnið að útfærslu nýrrar legu í góðu samráði við hestamenn og aðra hagaðila, samhliða framgangi uppbyggingarinnar. Jákvætt er að þegar hefur verið fundað með fulltrúum Fáks og að nokkrir valkostir um nýja legu reiðleiðarinnar verði teknir til skoðunar.”

HS og fulltrúar reiðveganefndar Fáks og SV höfðu áður fundað með skipulagssviði Reykjavíkur um málið þar sem kynntar voru nokkrir möguleikar á tilfærslu reiðleiðar frá núverandi reiðleið. Endanleg útfærsla hefur ekki verið ákveðin en líklegt er að hún muni fara með bílvegi að Langavatni. Ef sú leið verður farin gæti það verið skemmtileg viðbót við leiðina og mögulega væri hægt að fá lítið aðhald við vatnið.

6. Gjaldskrár

Gerð er tillaga um að halda gjaldi á kerrusvæði óbreyttu.

Gjald vegna notkunnar á reiðhöll hefur verið óbreytt í nokkur ár. Gerð er tillaga um að hækka gjaldskrá úr 4.500 krónur í 5.000 krónur í reiðkennslu. ½ höllin úr 10.000 í 11.000 og öll höllin úr 21.000 í 23.000. Reiðhallarlyklar hækka úr 25.000 í 26.500 krónur.

Samþykkt samhljóða.

7. Lýsing á svæði

EG fékk upplýsingar frá Reykjavíkurborg um að allt fjármagn til að bæta lýsinguna við reiðhöll og reiðgerði í Faxabóli sé upp urið. Rætt er um að félagið setji upp bráðabirgðarlýsingu við reiðhöll. EG er falið að skoða kostnað við að setja upp lýsingu og tengingu við götulýsingu á reiðgerði og að félagið framkvæmi verkefnið sjálft.

8. Kjörbréf LH þing

Farið er yfir þingfulltrúa sem félagið ætlar að senda á Landsþing LH þann 30.-31. október. Skila þarf inn kjörbréfi til LH eigi síðar en 15. október. Er listinn samþykktur samhljóða.

9. Staða rekstrar jan - ágúst

Farið er yfir stöðu rekstrarins frá 1. janúar til 31. ágúst. Er reksturinn á pari við fjárhagsáætlunina.

10. Önnur mál

Ræddar voru uppskeruhátíðar félagsins en þær voru sérlega glæsilegar.

Fundi var slitið kl. 18:15.